

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur



Reykjavík 6. mars 2017
UST201701-246/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Kópavogs 2012 - 2024, tillaga að breytingu á landnotkun í Nónhæð


Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogsbæjar er barst 24. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á landnotkun og talnagrunni fyrir Nónhæð í aðalskipulagi Kópavogsbæjar.


Í lýsingu kemur fram að ofangreint svæði á Nónhæð er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem svæði fyrir samfélagsþjónustu og opin svæði en eftir breytingu er áætlað að þar verði íbúðarbyggð og opin svæði. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir að fjöldi íbúða verði allt að 140.

Umhverfisstofnun tekur undir þau atriði sem áætlað er að fjallað verði um í væntanlegri umhverfisskýrslu tillögunnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að væntanlegar framkvæmdir rýri ekki gæði á byggðu umhverfi í nágrenni áætlaðs framkvæmdasvæðis, sem byggðist upp fyrir 20 – 30 árum.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur